

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/347/EB frá 3. janúar 2006 um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Svíþjóð hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/348/EB frá 3. janúar 2006 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Finnland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/349/EB frá 3. janúar 2006 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Austurríki hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/390/EB frá 24. maí 2006 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Tékkland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003) í XIV. kafla II. viðauka við samninginn:

2. **32006 D 0347:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/347/EB frá 3. janúar 2006 um innlend ákvæði, sem Konungsríkið Svíþjóð hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði (Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 19).
3. **32006 D 0348:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/348/EB frá 3. janúar 2006 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Finnland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 25.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 150, 3.6.2006, bls. 17.

sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði (Stjtíð. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 25).

4. **32006 D 0349:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/349/EB frá 3. janúar 2006 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Austurríki hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði (Stjtíð. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 31).
5. **32006 D 0390:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/390/EB frá 24. maí 2006 um innlend ákvæði, sem Lýðveldið Tékkland hefur tilkynnt um skv. 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi leyfilegt hámarksinnihald kadmíums í áburði (Stjtíð. ESB L 150, 3.6.2006, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2006/347/EB, 2006/348/EB, 2006/349/EB og 2006/390/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.